



Vegagerðin, kt. 680269-2899 annars vegar, og Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, hins vegar gera með sér svohljóðandi

SAMNING

vegna framkvæmda við tvöföldun Reykjanesbrautar (41) milli Krýsuvíkurvegar og Hvassahrauns.

1. grein

Samningur þessi fjallar um kostnaðarskiptingu á milli aðila um samstarfsverkefnið:

„Reykjanesbraut (41), –Krýsuvíkurvegur - Hvassahraun“

2. grein

Kostnaðarskipting byggir á verkkostnaði verksins og kostnaðarskipting er samkvæmt útreikningum ráðgjafa, Mannvits verkfræðistofu hf., sem sá um verkhönnun verksins, **fylgiskal 1**: Kostnaðarskipting. Heildarupphæð verktakasamnings er 3.977.434.260-kr.

Allar upphæðir í samningi þessum eru án verðbóta.

Kostnaðarskipting er í samræmi við leiðbeiningar sem Vegagerðin gaf út 8.11.1999, „*Þjóðvegir í þéttbýli - leiðbeiningar um skiptingu kostnaðar*“. Kostnaður sem fellur til vegna lagna veitustofnana er innifalinn í heildarkostnaði í kostnaðarskiptingu ráðgjafa sem þessi samningur tekur mið af. Sá kostnaður telst ekki til vegagerðarkostnaðar sbr. 18. gr. vegalaga nr. 80/2007 og því ekki hluti af kostnaði sem Vegagerðin greiðir.

Í kostnaðarskiptingu ráðgjafa er kostnaður vegna efnis, sem verkkaupi leggur til ekki tilgreindur sérstaklega. Sá aðili, sem leggur efnið til ber kostnaðinn, þegar um efni er að ræða sem nýtist honum einum.

Aðilar samnings eru sammála um að umsjónarmenn verksins gæti þess að mögulegar magnaukningar eða breytingar á verkinu komi til greiðslu hjá þeim aðila sem umræddir verkþættir tilheyra.

3. grein

Verktaki skal gefa út reikninga vegna framkvæmda skv. samningi þessum á viðkomandi aðila í samræmi við eftirfarandi skiptingu:

Verkhloti 8.01 „Athafnasvæði“. Kostnaðarhlutdeild Hafnafjarðarbæjar vegna vegagerðar er um 7,8% eða um 30.724.492 kr., vegna fráveitu um 0,4% eða um



1.665.622 kr. og vegna vatnsveitu um 1,1% eða um 4.171.977 kr. Samtals um 36.562.091 kr.

Verkhluti 8.03 „Hliðarvegir, vegagerð“. Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar er um 19,0% eða um 173.710.099 kr.

Verkhluti 8.04 „Álhella, vegagerð“. Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar er 100% eða um 153.987.899 kr.

Verkhluti 8.12 „Veitufyrirtæki, jarðvinna fyrir veitur“. Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna fráveitu er um 7,2% eða um 7.039.375 kr. og vegna vatnsveitu um 19,2% eða um 18.768.873 kr. Samtals um 25.808.248 kr.

Verkhluti 8.13 „Hafnarfjörður, fráveita“. Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar er 100% eða um 12.868.665 kr.

Verkhluti 8.14 „Hafnarfjörður, vatnsveita“. Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar er 100% eða um 15.043.676 kr.

Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í öllum öðrum kostnaði verksins er um 10,3% (um 8,5% vegna vegagerðar, um 0,5% vegna fráveitu og um 1,3% vegna vatnsveitu), þar með talið kostnaður vegna hönnunar, eftirlits og þjónustu ráðgjafa á verktíma. Verktaki gefur út reikninga sem skiptast í þessum hlutföllum. Vegagerðin gefur út reikninga vegna hönnunar og ráðgjafakostnaðar vegna hönnunar og eftirlits í sömu hlutföllum.

Vegagerðin og Hafnarfjarðarbær eru sammála um að gera upp hlut Hafnarfjarðarbæjar eftir því sem verkinu miðar áfram.

Sjá nánar **fylgiskjal 2**: Tilboðseyðublað verktakafyrirtækisins Íslenskra aðalverktaka hf. og **fylgiskjal 3**: Verksamningur.

4. grein

Vegagerðin hefur boðið verkið út og mun hafa með því umsjón og sjá um eftirlit. Eftirlitið var boðið út og er það aðkeypt frá verkfræðistofunni Hnit h/f. Öll samskipti við ráðgjafa, verktaka, landeigendur og aðra hagsmunaaðila eru á hendi Vegagerðarinnar. Hafnarfjarðarbær annast öll samskipti við íbúa á verktíma ef til þess kemur, svarar fyrirspurnum og heldur íbúum upplýstum um verkframvindu.

Gerður hefur verið samningur um eftirlit með verkinu við verkfræðistofuna Hnit h/f sem var með hagstæðasta tilboð í útboði. Kostnaðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna eftirlits er um 10,3% (um 8,5% vegna vegagerðar, um 0,5% vegna fráveitu og um 1,3% vegna vatnsveitu).

5. grein

Umsjónarmaður af hálfu Vegagerðarinnar verður Oddur Sigurðsson Hagalín og af hálfu Hafnarfjarðarbæjar Helga Stefánsdóttir. Hvor aðili ber kostnað af eigin starfsmönnum sem vinna við stjórn og eftirlit verksins. Biðji aðili að verkinu um viðbótarverk, sem tengist hinum ekki, greiðir hann þann kostnað, sem af því hlýst.



6. grein

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Garðabæ maí 2023

F.h. Vegagerðarinnar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

.....

.....

Vottar að rétttri dags. og undirskrift:

.....

.....

kt.:

kt.:

.....

.....